

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
Reykjavík

12. maí 2012

**Efni: Samantekt frá fundi Kaupþings með efnahags – og viðskiptanefnd Alþingis**

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar hefur Kaupþing hf. tekið saman þau atriði sem rædd voru á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem fulltrúar Kaupþings hf. mættu til að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál (mál nr. 731), þann 9. maí sl.

Við breytingu á lögum um gjaldeyrismál með lögum 17/2012 þann 12. mars sl. var Seðlabanka Íslands falið að setja reglur um hvernig undanþágur frá 2. mgr. 13. gr. b í lögum um gjaldeyrismál verði veittar vegna reiðufjár í erlendum gjaldeyri sem til fellur eftir 12. mars 2012 og er í eigu föllnu bankanna hjá erlendum fjármálafyrirtækjum eða hjá Seðlabanka Íslands. Er sérstaklega tiltekið í lögnum að Seðlabankinn skuli setja þessar reglur svo fljótt sem við verði komið. Kaupþing hefur í kjölfar breytinganna átt nokkra fundi með Seðlabanka Íslands og hefur afhent Seðlabankanum öll umbeðin gögn um þær erlendu eignir Kaupþings sem óskað er eftir að reglur Seðlabankans taki til. Nú tveimur mánuðum síðar hafa reglur Seðlabankans ekki enn verið birtar og er því ekki ljóst hvernig umræddri undanþágu verður beitt í framkvæmd.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir vekja fyrirhugaðar breytingar á 13. gr. j laganna upp spurningar af hálfu Kaupþings, einkum c liður 8 gr. þess.

Samkvæmt frumvarpinu yrði 13. gr. j laganna svohljóðandi:

- a. Í stað orðsins „reglum“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: lögum.
- b. Í stað orðanna „sbr. 1. mgr.“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: sbr. 2. mgr.
- c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:  
Eingreiðslur og greiðslur vegna gjaldfellinga eða gjaldprotaskipta teljast ekki til samningsbundinna afborgana í skilningi 1. mgr.  
Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt ákvæði þessu skulu hafa hlotið staðfestingu Seðlabanka Íslands áður en þær eru framkvæmdar. Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Fyrri málsgrein c-liðar lítur að því hvað fellur undir samningsbundna afborgun. Er nú sérstaklega tilgreint að eingreiðslur og greiðslur vegna gjaldfellinga eða gjaldþrotaskipta teljast ekki til samningsbundinna afborgana. Fyrir liggur að Kaupþing mun við fyrirhugaðan nauðasamning m.a. gefa út skuldabréf með breytirétti til handa kröfuhöfum sínum. Miðað er við að afborganir af skuldabréfinu yrðu ársfjórðungslega. Kaupþing mundi nota það reiðufé í erlendum gjaldeyri sem til hefur fallið fyrir 12. mars og er undanþegið gjaldeyrishöftunum samkvæmt lögum nr. 17/2012 til að greiða af skuldabréfinu. Auk þess er fyrirhugað að Kaupþing noti það reiðufé í erlendum gjaldeyri sem til fellur eftir 12. mars 2012 og er í eigu Kaupþings hjá erlendum fjármálafyrirtækjum eða hjá Seðlabanka Íslands til slíkra afborgana. Af fyrri málsgrein c liðar er ekki ljóst hvernig farið yrði með afborganir af skuldabréfi sem útgefið verður af Kaupþingi við nauðasamning, enda liggur ekki fyrir með hvaða hætti Seðlabankinn muni útfæra þær reglur sem undanþiggja eiga umrætt erlent reiðufé þeim gjaldeyrishöftum sem í gildi eru. Þessi óvissa er bagaleg fyrir gerð nauðasamninganna.

Þá vill Kaupþing vekja athygli á þeirri óvissu sem skapast af 2 mgr. c liðar. Þar segir að afborganir sem greiddar verða á grundvelli 13. gr. j verði að hafa verið staðfestar af Seðlabanka Íslands áður en þær eru framkvæmdar. Seðlabankanum ber að setja reglur um framkvæmd ákvæðisins. Það skuldabréf sem Kaupþing hyggst gefa út til handa kröfuhöfum sínum verður með föstum afborgunum. Af orðalagi ákvæðisins má ráða að Kaupþing verði háð staðfestingu Seðlabankans fyrir hverri afborgun af skuldabréfinu nema til komi undanþága vegna erlends reiðufjár eins og það er skilgreint hér að ofan. Sú óvissa sem kann að skapast af því hvort Seðlabankinn geti brugðist við og staðfest afborganir Kaupþings í tíma er ótæk enda geta tafir á staðfestingu Seðlabankans leitt til vanefnda af hálfu Kaupþings á skyldum sínum samkvæmt skuldabréfinu.

Í ljósi þess að reglur Seðlabanka Íslands hafa ekki verið birtar er erfitt fyrir Kaupþing að átta sig á því hvort framangreindar breytingar á lögum um gjaldeyrismál hafi áhrif á möguleika Kaupþings á að efna skuldbindingar sínar samkvæmt fyrirhuguðum nauðasamningi. Á meðan svo er hlýtur Kaupþing að gjalda varhug við samþykkt frumvarpsins nema til komi staðfesting á efni og setningu reglna Seðlabanka Íslands á grundvelli undanþáguákvæðis 2. mgr. 13. gr. b í lögum um gjaldeyrismál. Eins væri mögulegt að Alþingi breyti því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar þannig að undanþága 2. mgr. 13. gr. b yrði útfærð nánar með þeim hætti að þessari óvissu yrði eytt og reglur og framkvæmd þeirra á þessu sviði hefðu um leið styrkari lagastoð en nú er. Kaupþing er að sjálfsögðu reiðubúið til að koma að vinnu slíkra tillagna sé þess óskað.